



Alþingi  
heilbrigðis- og trygginganefnd  
Alþingishúsinu v/Austurvöll  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 126/1257*  
*komudagur 19. 2. 2001*

Reykjavík, 16.02.2001  
Tilv. 18.103  
GÁS/gás

Vísað er til bréfs hæstvirkar heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis, dags. 26. janúar sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, sbr. lög nr. 101/1996, 345. mál.

Umsögn þessi er unnin að höfðu samráði við þau fyrirtæki innan samtakanna sem málið snerta, en það eru fulltrúar framleiðenda tóbaks og tóbaksvara hér á landi.

Samtökin gera sér ljóst að tóbak er vara sem felur í sér mögulega heilsufarslega áhættu og þörf á að setja regur um það og takmarka aðgengi ungmenna að tóbaki. Slíkar reglur verða að vera fullnægjandi, sanngjarnar og óhlutdrægar enda er tóbak lögleg vara. Hér á landi gilda nú þegar með ströngustu reglum í heiminum og er ástæða til að óttast að margar af þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu uppfylli ekki ofangreindar forsendur um umfangi, sanngirni og óhlutdrægni.

Samtökin leyfa sér að gera eftirfarandi athugasemdir við einstök atriði í frumvarpinu:

1. Í b-lið 6. gr. frumvarpsins er enn takmörkuð umfjöllun fjölmiðla um tóbak. Þessi takmörkun vekur upp spurningar hvort ekki sé fulllangt gengið í ljósi ákvæða stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi og Mannréttindasáttmála Evrópu. Bann sem þarna er lagt til kemur t.d. í veg fyrir að fjölmiðlar hafi tækifæri á að flytja fréttir af þróun og tilkomu nýrrar tóbaksvöru með lækkuðu áhættustigi. Á alþjóðlegum vettvangi fara nú fram umræður varðandi vilja til hvatningar um þróun slíkrar vöru en íslenskir neytendur verða með samþykkt þessa ákvæðis sviptir þessum upplýsingum.

2. Í lokamálgrein 6. greinar frumvarpsins er lagt til að tóbaki skuli þannig komið fyrir á útsölustöðum að það sé ekki sýnilegt viðskiptavinum.

Nauðsynlegt er, að mati samtakanna, að hafa reglur um markaðssetningu tóbaks, en það er mat samtakanna að hér sé fulllangt gengið. Vegna þeirra ströngu reglna sem þegar gilda hér á landi er auglýsing vörunnar eina leiðin sem eftir er til þess að framleiðendur geti upplýst neytendur og þeir fengið upplýsingar um löglega vöru. Spyrja má að því hvort forsjárhyggjan sé ekki að fara út í öfgar og hvort ekki sé ástæða til að fela aðrar vörur sem hafa í för með sér heilsufarslega áhættu, t.d. áfengi, feitan mat o.s.frv.

Þá skal ennfremur bent á að hugsanlegt er talið að samþykkt þessa ákvæðis kunni að vera brot á alþjóðlegum viðskiptareglum og samningum þar sem það mun koma í veg fyrir nýliðun á markaðnum og gera nýlistunarkerfi ÁTVR óvirkt.


3. Í 2. mgr. b-liðar 7. gr. frumvarpsins er ráðherra veitt fullt frjálsræði til þess að stýra innihaldi tóbaks, samsetningu efna í reyk og mælingaraðferðum á þessari samsetningu. Nauðsynlegt er að hér verði farið eftir staðfestum, vísindalegum og hlutlægum forsendum og að þar til bærar alþjóðlegar stofnanir ákvarði mælingaraðferðir og staðla þeirra. Hin aðferðin, að yfirvöld einstakra þjóða geti sett sína eigin staðla frábrugðna öðrum, geta leitt til algjörar afbökunar á alþjóðaviðskiptum með löglega vöru, óheyrilegs en órökstudds kostnaðar fyrir framleiðendur og ruglings í hugum neytandans varðandi túlkun á slíkum stöðlum og viðmiðunum. Samkvæmt þessu er lagt til að notkun þessa réttar ráðherra verði bundin því skilyrði að hann geri það í samræmi við gildandi reglur á alþjóðavettvangi en gangi ekki einhliða lengra en aðrar þjóðir. Þá er ennfremur lagt til að íslensk stjórnvöld viðurkenni mælingar og prófanir sem gerðar eru af viðurkenndum efnarannsóknarstofum innan Evrópusambandsins.

4. Í 3. mgr. b-liðar 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir sérstöku leyfi til þess að selja tóbak í smásölu.

Samtökin eru því sammála að reynt verði að koma í veg fyrir reykingar unglunga og styður núgildandi ákvæði um lágmarksaldur og skilvirkt eftirlitskerfi. Samtökin telja að núgildandi reglur um aðgengi unglunga séu fullnægjandi en skortur á að þeim sé framfylgt sé það sem þurfi að skoða nánar og e.t.v. herða ákvæði þar að lútandi. Ef hins vegar kemur í ljós að ekki sé mögulegt að framfylgja lögnum á viðundandi hátt án þess að setja á fót leyfisveitingakerfi hafa samtökin skilning á því enda verði tryggt að hlutlausum og gagnsæum reglum væri fylgt við afgreiðslur leyfa og þá eingöngu til að hefta aðgengi unglunga að tóbaki en leiði ekki til þess að útsölustöðum, t.d. úti á landsbyggðinni, fækki verulega og dragi þannig úr möguleikum fullorðinna til að kaupa tóbaksvörur sem er einkar tilfinnanlegt í svo dreifbýlu landi sem Ísland er.

Að lokum áskilja samtökin sér rétt til að koma að athugasemdum á síðari stigum og lýsa sig reiðubúin til að mæta á fund nefndarinnar til að skýra sjónarmið sín nánar.

Virðingarfyllt



Guðrún Ásta Sigurðardóttir hdl.